

Fundur í hverfisráði Raufarhafnar 7. september 2018 kl 16:30

Mættir voru Gísli Þór Briem, Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Þóra Gylfadóttir og Nanna Steina Höskuldsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Net og farsíma samband: Íbúar sem búa lengst frá símastöð kvarta mikið undan hraða og lélegu netsambandi. t.d má nefna aðila sem greiðir fyrir 50 mb/s en í hraðaprófum fá þau ekki nema 16,58. Ítrekað hefur verið sent erindi á þjónustuaðila og eins hafa íbúar sjálfir hringt og kvartað.
Farsímasamband á milli Raufarhafnar og langleiðina inná Tjörnnes er mjög slitrótt og lélegt, þetta er skortur á öryggi sér í lagi að vetrarlagi og þarf að laga.
Hverfisráð hvetur Norðurþing til að hafa samband við þjónustuaðila og vinna að úrbótum sem fyrst.
2. Slökkvilið Raufarhafnar: Hverfisráð eftir því að fá samantekt um stöðu slökkviliðs með tilliti til þjálfunar og reykköfunarréttinda.
3. Áningarstaður við gatnamót á Hólaheiði: Óskir frá ferðaþjónustuaðilum og íbúum um að koma upp áningarstað með skiltum á Hólaheiði. Íbúar skilja bíla sína mikið eftir við gatnamótin, en ekkert bílastæði er til staðar, og ekkert sem segir til um hvað er að finna á Raufarhöfn.
Upplýsingarskilti eru í Hófaskarði og við Kópasker en hverfisráð álitur það ekki nóg, og vill fá skilti og bílastæði við gatnamótin.
4. Markaðssetning Raufarhafnar: Hverfisráð óskar eftir að unnið verði markvisst að því að fjölga íbúum á Raufarhöfn, sér í lagi fjölskyldufólki með markaðssetningu á þorpinu.
Raufarhöfn er brothætt byggð og telur hverfisráð að verði að grípa til sértækra aðgerða til að laða að nýja íbúa.
Hugmyndir að aðgerðum: Gjaldfrjáls leikskóli, lækkun fasteignagjalda, ókeypis mótuneytisgjald í grunn og leikskóla, niðurfellingu á gatanagerðargjöldum og myndbandauglýsingar í framhaldinu.
5. Fegrún Raufarhafnar vor og sumar 2019 : Hverfisráð óskar eftir að fengin verði skrudgarðsfræðingur eða landlagsarkitekt til Raufarhafnar til að taka út opin svæði og koma með hugmyndir af úrbótum og vinna heilstætt að fegrún Raufarhafnar. Óskum einnig eftir auknu fjármagni í þennan lið til að hægt sé að fylgja þessu eftir. Auka þarf slátt á opnum svæðum, skrudgarðurinn á bakvið félagheimilið þarf á verulegri upplýftingu að halda, gerð göngustíga innanbæjar, og fl.
6. Fasteignir sveitafélags: Í gerð fjárhagsáætlunar fyrir ári 2019 óskar hverfisráð eftir því að fundargerð síðan 5.2.2018 verði höfð til hliðsjónar. Einnig viljum við ítreka sveitarfélagið geri ráð fyrir fjármagi til viðhalds og fegrunar fasteigna sveitarfélagsins.
7. Borun á heitu vatni. Hverfisráð leggur til að sveitarfélagið sækja um styrki til að hægt sé að halda áfram með boranir eftir heitu vatni á Raufarhöfn

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:15

G. Briem
Þóra Gylfadóttir
Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir
Nanna Steina Höskuldsdóttir